

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Þórshöfn



<b>Dags eftirlits</b>	12.6.2014	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálk Friðgeirsson	
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing	<b>Fulltrúi UST</b>		
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið	
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Jón Davíðsson	<b>Staðsetning</b>	664901,282	638279,838

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi fundust við eftirlit. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Sest var niður með Jóni stöðvarstjóra og skráningar í rekstrarhandbók skoðaðar. Mánaðarblöð eru notuð til utanumhalds um skráningar. Ekki er gerð athugasemd við rekstrarhandbók.

Tvær olíuskiljur eru á Þórshöfn, önnur fyrir þróna um svartolíugeyminn, en hin fyrir áfyllingarplanið. Mælingar á olíuleifum í frárennsli olíuskilja hafa verið framkvæmdar og notað var olíupróf Macherey Nagel. Ekki greindist olía í frárennslinu. Olíuskiljur voru þjónustaðar í september 2013.

Allir geymar og lagnir í stöðinni eru í góðu lagi.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru rekstrarhandbók.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymir skoðaður svo og lekavarnir (þró) og olíuskiljur. Tiltekt í stöðinni hefur bætt ásýnd hennar mikið. Girðingar og hlið voru í lagi.

## ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

Reykjavík, 13.08.2014

Gottskálk Friðgeirsson

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.